

# Upplýsingabæklingur Tjarnarsals



# Upplýsingabæklingur Tjarnarsals

## Efnisyfirlit

### Reglur

1. Reglur Tjarnarsals
2. Verklagsreglur félagasamtaka sveitarfélagsins

### Leiðbeiningar

3. Leiðbeiningar að tækjabúnaði (*Hljóðkerfi og skjávarpi*)
4. Hugsanlegar lausnir ef Hljóðkerfi virkar ekki
5. Hugsanlegar lausnir ef næst ekki samband við þráðlaust net
6. Leiðbeiningar að mixer
7. Leiðbeiningar að Securitas kerfi Tjarnarsals og Stóru-Vogaskóla
8. Leiðbeiningar að brunavarnarkerfi Tjarnarsals
9. Leiðbeiningar að ljósabúnaði
10. Leiðbeiningar að Kaffivél
11. Leiðbeiningar að uppþvottavél
12. Leiðbeiningar að matreiðsluofni

### Uppröðun og aðrar upplýsingar

13. Uppröðun inn í sal
14. Uppröðun inn í hliðarsal
15. Aðrar upplýsingar

# Reglur um Tjarnarsal

## 1. grein

### Útleiga

Salurinn er leigður út til veislu, funda-og ráðstefnuhalds. Sveitarfélagið hefur forgang á notkun salarins. Í upphafi skólaárs eru skráðir niður þeir dagar sem skólinn hyggst nota fyrir starfsemi sína.

## 2. grein

### Stærð salar

Borð, stólar og borðbúnaður fyrir 140 manns fylgja salnum. Einnig veisluborð (langborð). Ef óskað er eftir því að fjölga borðum, stólum og borðbúnaði, þarf að panta það sérstaklega á skrifstofu bæjarins með viku fyrirvara. Salurinn tekur að hámarki 180 manns í sæti.

## 3. grein

### Hið leigða

Salurinn er ávallt leigður með umsjónarmanni.

Umsjónarmaður opnar salinn og hefur umsjón með húsnæðinu á meðan viðburði stendur og lokar að viðburði loknum. Leigutaki greiðir laun umsjónarmanns skv. gjaldskrá.

Möguleiki er á að fá afnot af flygli samkvæmt sérstöku samkomulagi og gjaldi. Einnig afnot gegn gjaldi af hljóðkerfi og skjávarpa, ásamt 3ja metra breiðu tjaldi.

Leigutaki ber ábyrgð á hinu leigða og skal gera grein fyrir því sem misfarist hefur áður en salur er yfirgefinn.

## 4. grein

### Félagasamtök

Félagasamtök innan sveitarfélagsins sem eru með gildan samstarfssamning við sveitarfélagið eru undanþeginn ákvæði um að salurinn sé leigður út ásamt starfsmanni, enda hafi þau tilnefnt að lágmarki 2 ábyrgðarmenn sem halda utan um viðburði í Tjarnarsal á þeirra vegum.

Gerð er krafa til ábyrgðaraðila félagasamtaka sveitarfélagsins um að fylgja verklagsreglum og gátlista um þrif Tjarnarsals ítarlega, í lok viðburðar gerir umsjónarmaður / starfsmaður Tjarnarsals úttekt á salnum. Hafi verklagsreglum og gátlista um þrif ekki verið fylgt eftir ítarlega er ábyrgðaraðili boðið að gera úrbætur á því. Umsjónarmaður hefur leyfi til að kalla til starfsmann í ræstingar ef ábyrgðaraðili stendur ekki við sínar skuldbindingar. Ábyrgðaraðili í samráði við umsjónarmann kynnir sér verklagsreglur Tjarnarsals, mikilvægt er að ábyrgðaraðili sé vel upplýstur um búnað Tjarnarsals og allt annað sem salurinn hefur upp á að bjóða. Komi til þess að það þurfi að kalla til starfsmann til aðstoðar í sal, er tekið gjald fyrir það á kostnað leigutaka sjá gjaldskrá. Félagasamtök sveitarfélagsins eru ábyrg fyrir hinu leigða og skulu gera grein fyrir því sem misfarist hefur við úttekt umsjónarmanns / starfsmanns í sal.

## 5. grein

### Gjaldflokkar

Gjaldflokkar fyrir salinn eru eftirfarandi:

- Stærri viðburðir, svo sem dansleikur
- Veisla
  - Umsjónarmaður að lágmarki 4 tímar.
- Fundur ½ dagur
  - Umsjónarmaður að lágmarki 2 tímar.
- Fundur heill dagur.
  - Umsjónarmaður að lágmarki 2 tímar.

Afhending salar getur farið fram degi fyrir leigudag ef hann er ekki í útleigu. Sjá nánar um gjöld í gjaldskrá sveitarfélagsins.

## 6. grein

### Skemmtanaleyfi og vínveitingaleyfi

Við útleigu á sal til árshátíða og veisluhalda sem standa yfir lengur en til 23:30 er gerð krafa um tvo dyraverði og þriðja til vara, sem lögregluembættið samþykkir, einnig skemmtanaleyfi og vínveitingaleyfi (ef veita á vín). Leigutaki ræður að lágmarki, tvo starfsmenn, til afgreiðslu við vínveitingar sem umsjónarmaður fyrir hönd leigusala samþykkir.

Launakostnaður og

annar kostnaður sem fylgir ráðningu dyravarða og annars starfsfólks er greitt af leigutaka.

Við útleigu á sal þar sem tónlist er flutt framvísar leigutaki staðfestingu STEFs um að búið sé að ganga frá STEFgjöldum áður en húsnæðið verður afhent. Óheimilt er að veita undanþágu frá ákvæði þessu.

<http://www.stef.is/>

[http://www.logregla.is/utgafur\\_tenglar.asp?cat\\_id=12](http://www.logregla.is/utgafur_tenglar.asp?cat_id=12) umsókn um tækifærisleyfi

## 7. grein

### Umgengi og skil á salnum

Reykingar eru stranglega bannaðar í húsinu. Við afhendingu salar eru stólar og borð uppsett fyrir 140 manns og eldhús- og borðbúnaður aðgengilegur. Við skil á salnum skal þurrka af borðum og stólum sem notuð eru. Eldhús skal þrifa og þvo upp og ganga frá öllum eldhús- og borðbúnaði á sinn stað. Gólf í eldhúsi og anddyri skal sópa og grófhreinsa gólf í sal, þ.e. tína upp rusl, matarleifar og þess háttar. Ekki skal skúra gólf né þrifa salerni. Hreinsa skal rusl utandyra.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 27. janúar, 2016

# Verklagsreglur félagasamtaka Sveitarfélagsins Voga

1. Kynna sér upplýsingabækling Tjarnarsals.
2. Kynna sér reglur og búnað Tjarnarsals ásamt umsjónarmanni.
3. Fylgja gátlista um þrif ítarlega.
4. Fylgja gátlista um eftirlit á skólabyggingu ítarlega.

## Til upplýsinga

*Ábyrgðaraðili fær afhenta lykla og gestakóða af öryggiskerfi Tjarnarsals og skilar þeim að viðburði loknum til umsjónarmanns.*

*Umsjónarmaður kemur boðum til Securitas um hver sé ábyrgðaraðili hverju sinni.*

# Leiðbeiningar að tækjabúnaði

## 1. Að tengja tölvu við skjávarpa.

Við komu á búnaði er tölva skólans tengd við tengibox.  
VGA-Kapall sem er tengdur úr tölvu og í tengibox við vegg.  
Vara VGA og stereo kaplar eru geymdir inn í skáp bakvið svið

Skjákapall VGA hann/hann



Tengibox er við vesturvegg upp við sviðið.



Tengill fyrir VGA kapal úr tölvu



## 2. Að kveikja á skjávarpa.

Beina fjarstýringunni að skjávarpa og ýta á rauða takkan.

Fjarstýring af skjávarpa




# Leiðbeiningar að tækjabúnaði

## 3. Að ná tölvusambandi við skjávarpa.

Ýtt er á Fn takka á tölvu, honum haldið inni. Svo er ýtt á F5.

Ath. að á F5 takkanum er mynd af skjá+tölvu, en það fer eftir tölvum hvor takinn það er.

Fn hnappur



Aðgerðahnappar F1 til F12



# Leiðbeiningar að tækjabúnaði


## 4. Tölva tengd við hljóðkerfi

Til að ná hljóði úr tölvu í hljóðkerfi salarins er stereo kapall tengdur úr tölvu í tengibox.

Stereo snúra.



Tengibox við vesturvegg upp við svið





# Leiðbeiningar að tækjabúnaði

## 5. Stjórnbox

Stjórnbox að hljóðkerfi er staðsett vinstramegin þegar gengið er inn í tækjarými upp við svið og er það hugsað fyrir því að hækka og lækka í þeim búnaði sem verið er að notast við, tölvu, ípad eða hljóðnema.

**Music level** er til að hækka og lækka spilað hljóð. (Úr tölvu, ípad eða cd)

**Music Selector** er til að velja um rásir. (Eftir því hvað er verið að notast við)

**A** = CD spilari

**A-B-C** og **D** = Hljóðnemar er á öllum rásum

**C** = Tölva

**D** = XLR tengill á sviði. (Fyrir Gítar eða Ípad)

**Micro-Mix level** er til að hækka og lækka í hljóðnemunum.

Stjórnbox við hurð bakvið svið



# Leiðbeiningar að tækjabúnaði

## 6. Hljóðkerfi

Nóg er að kveikja á hljóðkerfinu (Sjá græna hringi) til að notast við það sem óskað er, hljóð úr tölvu, ipad eða hljóðnemum.

Magnari fyrir hátalara uppi í lofti →

Magnari fyrir hátalarasamstæðu →

Equalizer →

Tuner / Útvarp →

CD spilari →



Í upplýsingamöppu Tjarnarsals eru skráðar helstu orsakir ef búnaður virkar ekki eins og hann ætti að gera, undir lið: hugsanlegar lausnir....

# Hugsanlegar lausnir ef hljóðkerfi virkar ekki

## Helstu orsök

1. Er kveikt á mögnurum ?
2. Er kveikt á mixer ?
3. Er stilling á mixer í output zone 1 sett á remote (Rautt ljós)  
Ef stillt er á annað en remote a-b-c eða d á mixer að þá er stjórnbox ekki lengur virkt.
4. Er stilling á stjórnboxi (Hækka/lækka) á lágsta styrk ?
5. Ertu með stillt á rétta rás á stjórnboxi fyrir það sem þú ætlar að nota ?
  - A: CD
  - A-B-C-D: Hljóðnemar
  - C: Tölva
  - D: XLR tengill á sviði.
6. Er sambandsleysi í tenglum á hátalarasamstæðum ?  
Oft nóg að taka úr og setja aftur í samband.
7. Gæti verið að það sé búið að setja tengla á hátalarasamstæðu í vitlaus tengi ?
8. Er stilling á Yamaha magnara á öðrum styrk en 10 ?

## Vegna hljóðnema:

9. Er kveikt á hljóðnema ?
10. Vantar nýjar rafhlöður í hljóðnema ?
11. Er hljóðnemi á mute ?
12. Er noise gate takki ekki á off ?  
(*Staðsetning sést á blaði um mixer, annars lengst til vinstri*)
13. Er kveikt á móttakara fyrir hljóðnema ?
14. Ath volume takka á mótakara.
15. Sync takki á mótakara sem leitar að hljóðnema, þarf að vera kveikt á réttum hljóðnema.
16. Er rétt tíðni á móttakara ?
  - Nr 1. 864.000 Mhz
  - Nr 2. 863.000 Mhz
  - Nr 3. 864.800 Mhz
  - Nr 4. 863.250 Mhz
  - Nr 5. 825.800 Mhz
17. Prófa að kveikja og slökkva á móttakara.
18. Ef heyrist lágt í headsetti að þá er stilling á annari hlið á sendir.

## Hljóð úr tölvu:

19. Ertu búinn að fara eftir leiðbeiningum sem sýndar eru í upplýsingamöppu Tjarnarsals.
20. Ef það virkar ekki, farðu þá yfir liði 1-8.


# Hugsanlegar lausnir ef þráðlaust net-samband virkar ekki

- Password inn á þráðlausa netið fæst hjá umsjónarmanni Tjarnarsals eða starfsmannig í sal
- Á sumum fartölvum er on/off takki á hliðinni fyrir þráðlausa netið.
- Ath takka á lyklaborði sem kveikir á þráðlausa netinu.
- Í sumum tilfellum þarf net-kaþal til að koma þráðlausu tenginu í samband við tölvu, og taka svo úr sambandi.
- Ath að hægri smella á svskoli (Eða þar sem sambandið er sterkast)
- Ath. sendir bak við svið hvort hann sé tengdur, blátt ljós ef svo sé.
- Ath. sendir á horni unglíngagangs hvort hann sé tengdur, blátt ljós ef svo sé.
- Restarta sendir
- Restarta tölvu

Ef ekkert að ofan virkar, að þá þarf að kalla til kerfisstjóra og er það gert á virkum dögum í samráði við umsjónarmann Tjarnarsals.

# Leiðbeiningar að mixer

1. Noise gate þarf að vera stilltur á *off* svo hljóðnemar séu virkir annars detta þeir út.
2. Dimmir og birtir upp talað hljóð
3. Hækkar og lækkar í hljóðnema, í þessu tilfalli hækkar og lækkar í hljóðnema nr.1 (a,b,c og d í frm.)
4. Output Zone 1: Er salurinn.
  - **Remote:** Er tenging við stjórnbox (við hurð bakvið svið) Ef rautt ljós þá er stjórnbox virkt. **Ef annað val en remote, a-b-c eða d að þá er stjórnbox ekki lengur virkt.**
  - **A-B-C-D:** Hljóðnemar á öllum rásum.
  - **A:** Cd spilari
  - **C:** Tölva
  - **D:** XLR tengill.
  - **Music level:** Hækkar og lækkar í tónlist þ.e.a.s. ef búið er að færa stillingu (*Remote*) yfir á a-b-c eða d.
  - **Mic mix level:** Hækkar og lækkar í hljóðnemum þ.e.a.s. ef búið er að færa stillingu (*Remote*) yfir á a-b-c eða d.
5. Output Zone 2: Er hliðarsalurinn.
6. Led ljós gefur til kynna að kveikt sé á mixer.
7. Til að kveikja og slökkva á mixer.



# Öryggiskerfi Tjarnarsals og Stóru-Vogaskóla

## Leiðbeiningar

1. Til þess að taka öryggiskerfið af verði.
  - Slá inn öryggiskóða.
  - Sama aðgerð ef á að setja öryggiskerfið á vörð.
2. Að taka kerfið af skóla úr anddyri Tjarnarsals
  - Halda inni # (Þá byrtast svæði 1 og 2)
  - Halda inni 1
  - Slá inn öryggiskóða.
  - Sama aðgerð ef á að setja öryggiskerfið á vörð.

## Aðrar upplýsingar

1. Öryggiskóðar starfsmanna og gestakóði af Tjarnarsal
  - Umsjónarmaður sími: **895-7778**
2. Svæði
  - Skólabyggingu er skipt niður á tvö svæði.  
Svæði 1 Stóru-Vogaskóli.  
Svæði 2 Tjarnarsalur.
  - **Mikilvægt að muna. Öryggiskerfi skólans er á verði þó að búið sé að taka öryggiskerfið af Tjarnarsal.**
3. Sjálfvirk gangsetning
  - Tjarnarsalur.  
Fer sjálfkrafa á vörð alla daga nema föstudaga og laugardaga.  
Mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og sunnudaga kl 21:15  
Og á þriðjudögum kl 22:30
  - Stóru-Vogaskóla  
Fer á vörð alla daga kl 21:15 nema á þriðjudögum þá kl 22:30.
4. Securitas stjórnstöð  
Ef það koma upp vandamál að þá skal hringja í stjórnstöð securitas í síma: **533-5533** Stikkorð eru fyrstu 2 tölustafir í öryggiskóða.  
Öryggisvörður biður viðkomandi um að draga frá eða leggja saman við stikkorð sitt til að bera kennsl á sér.

**Öryggisvörður er sendur til að kanna aðstæður ef ekki er hringt. Og fyrir það þarf að borga gjald.**

# Brunavarnakerfi Tjarnarsals

## Ef brunavarnakerfið fer í gang

- Ná í lykil sem er í lyklahúsi inni í eldhúsi Tjarnarsals. (Sjá mynd)
- Fara að brunavarnakerfi Tjarnarsals sem er staðsett inni í anddyri Tjarnarsals. (Inngang)
- Athuga hver skilaboðin eru í brunavarnakerfi salarins.
- Setja lykil í skrá brunavarnakerfis, snúa lykli og ýta hnapp merktur stoppa vælu/bjöllu.
- Athuga hvort hætta stafi á þeim stað sem brunavarnakerfið gefur upp.
- Ef engin hætta er á ferð, þarf að virkja brunakerfið aftur, **en ekki fyrr** en allur reykur hefur tæmst úr rýminu. (Opna glugga og kveikja á útsogi)
- Tilkynna atburð til stjórnstöðvar Securitas í síma: **533-5533** eða til umsjónarmanns í síma **895-7778**

Inni í eldhúsi / mötuneyti

Lykill að  
brunavarnakerfi  
er geymdur inni í  
lyklahúsi



# Brunavarnakerfi Tjarnarsals

Brunakerfi Tjarnarsals





## Leiðbeiningar að ljósabúnaði Tjarnarsals

Notast er við fjarstýringu til að stjórna ljósum samkvæmt töflu að neðan. Sem er geymd inn í skáp.

Stýringunni er skipt niður á 3 rásir, A-B og C og útrá númerum til að stjórna viðeigandi lampa.

Dæmi: Til að kveikja á kastara 1 á braut suður, þrýsta á hnapp A svo 3 (Sjá töflu)

Þrýst er **vinstra megin** á hnappinn til að kveikja, **hægra megin** til að slökkva.

Hnöppum haldið inni til að notast við dimmer.

<i>Kastarar við svið</i>					Liður
	Fjöldi kastara	Staðsetning	Virgni		
A	3	Kastari 1	Suðurbraut	On/Off/Dim	1
A	4	Kastari 2 og 3	Norðurbraut	On/Off/Dim	2
A	2	Kastari 4	Norðurbraut	On/Off/Dim	3
A	5	Kastari 5 og 6	Norðurbraut	On/Off/Dim	4

<i>Annar ljósabúnaður</i>					Liður
	Staðsetning	Nánar	Virgni		
A	6	Veggljós Austurv. Uppi	Allir lampar	On/Off	5
C	3	Ljós ofan afgreiðslu	Flúrljós	On/Off	6
C	4	Ljós ofan afgreiðslu	Minni ljós	On/Off	7

<i>Loftljós í sal</i>					Liður	
	Staðsetning	Fjöldi ljósa	Virgni			
A	1	Loftljós í sal	Öll ljós	Öll ljós	Dim	8
A	7	Loftljós í sal	Öll ljós	Öll ljós	Dim 10-50%	9
B	2	Loftljós í sal	Öll ljós	Öll ljós	Dim 50-100%	10
B	1	Loftljós í sal	Öll ljós	Öll ljós	Dim 10-100%	11

<i>Loftljós í sal, eftir röðum</i>					Liður
	Fjöldi ljósa	Röð, talið frá vesturhlið	Virgni		
B	3	Allir í...	1 röð	On/Off/Dim	12
B	4	4 ljós í...	2 röð	On/Off/Dim	13
B	5	Öll nema 4 í...	2 röð	On/Off/Dim	14
B	6	4 ljós í...	3 röð	On/Off/Dim	15
B	7	Öll nema 4 í...	3 röð	On/Off/Dim	16
B	8	4 ljós í...	4 röð	On/Off/Dim	17
C	1	Öll nema 4 í...	4 röð	On/Off/Dim	18
C	2	Öll í...	5 röð	On/Off/Dim	19

## Leiðbeiningar að kaffivél

1. Um 10 lítrar af vatni eru settir í tankinn, eða að max merki.
2. Næst 400 gr af kaffi. (40 gr af kaffi fyrir hvern lítra)
3. Koma filter fyrir ofan í tank. Passa uppá að rör sem dælir vatni upp í filter sé til staðar.
4. Setja lok í læsta stöðu.
5. Setja kaffivélina í samband og ýta á on takkan.
  - Grænt ljós þá er kaffið tilbúið.
  - Tekur u.þ.b. 45 mín að hella uppá sirka 100 bolla.

**Mikilvægt er að þrifa sigti vel og tank eftir notkun**

## Leiðbeiningar að uppvottavél



Hitastig, kerfi og niðurtalning.

P1 - kerfi 1

P2 - kerfi 2


P3 - kerfi 3

Til að kveikja og slökva á uppvottavél.

### Áður en byrjað er að nota uppvottavél

- Kveikja á vélinni
- Loka vél
- Þá byrjar hún að vinna og tekur vatn inn á sig.
- Velja kerfi. (Oftast er notað P1)

# Helstu upplýsingar um matreiðsluofn



--	--	--	--	--

--	--

--	--	--	--	--

--	--

--	--	--	--

--	--

--	--	--

--	--


--	--


--	--

--	--

--	--	--	--

Svið





Setustofa / Hliðarsalur

# Aðrar upplýsingar

## Geymsla: (Við fatahengi)

- Veilsuþorð
- Dúkar
- Kaffikönnur / hitabrusar
- Vasar
- Kertastjaker
- Sápur
- Hanskar
- Pokar
- Þurrkur og wc pappír
- Ræstivagn
- Moppur, tuskur og kústar.
- Kökuhnífar / Tertuhnífar

## Við barinn eru:

- Matardiskar
- Skálar
- Bollar og annað leirtau
- Sósuskálar
- Vatnskönnur

## Inn á wc 4 eru:

- Kampavínsglös
- Koníaksglös
- Hvítvínsglös
- Rauðvínsglös
- Bjórglös
- Desert skálar
- Staup

## Tækjarými - Bak við svið.

- 2 Hljóðnemar - þráðlausir
- 3 Handfrjálssir hljóðnemar – þráðlausir
- Hljóðnemastatíf
- Nótnastatíf
- Ræðupúlt
- Rafhlöður
- Auka kaplar

## Nánar um salinn

Borð, stólar og borðbúnaður fyrir 140 manns.

Ef óskað er eftir því að fjölga borðum, stólum og borðbúnaði, þarf að þan ta það sérstaklega á skrifstofu bæjarins með viku fyrirvara. Salurinn tekur að hámarki 180 manns í sæti.

Þráðlaust netsamband er til staðar innisal  
Hægt er að tengja tölvu við skjávarpa  
Hægt er að tengja ipod/ipad við hljóðkerfi

Svið 5x4 (20 m<sup>2</sup>)  
Sýningartjald= 2,4 x 2,4 m  
Ljósastarar við svið – Fjarstýring að ljósabúnaði.

Mjög vel útbúið eldhús.

Stærð á borðum er 120x80  
Stærð á veisluþorðum er= 150x100

Blómavasar og kertastjaker á öll borð.